

## REGLUGERÐ

**um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga  
vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012.**

### 1. gr.

*Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.*

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk skulu nema 0,95% af útsvarsstofni, auk sérstakra framlaga á fjárlögum og úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, vegna sölu og leigu eigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk. Skulu tekjurnar renna í sérstaka deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við skil á staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skulu Jöfnunarsjóði gerð skil á sínum hluta, sbr. 1. mgr. Fjársýsla ríkisins skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skiptir innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Ennfremur skal Fjársýsla ríkisins við álagningu sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari af þeim tekjum sem skattlagðar eru eftir á. Fjársýsla ríkisins skal, í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeilda Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

### 2. gr.

#### *Framlög.*

Jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk skiptast í: Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk og vegna biðlista, framlög vegna breytingakostnaðar, framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA), framlög til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo og önnur framlög.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk eru óháð öðrum framlögum sjóðsins.

Jöfnunarsjóður sendir sveitarfélögum upplýsingar um áætluð framlög ársins 2012 og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið. Framlög skulu greidd mánaðarlega. Heimilt er að endurskoða framlög innan ársins í samræmi við breytingar á áætluðum tekjum, sbr. 1. gr.

### 3. gr.

*Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012.*

#### *I. hluti: Skipting ráðstöfunarfjármagns.*

Áætluðum heildartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012, að frádregnum framlögum sem veitt eru til miðlægra verkefna og framlagi í Fasteignasjóð, skal skipta milli sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði, sbr. lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, eða einstakra sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

- a. 26,67% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldapörf, sbr. A-lið II. hluta 3. gr.
- b. 2% skiptast hlutfallslega miðað við mat á útgjaldapörf vegna biðlista, sbr. B-lið II. hluta 3. gr.
- c. 6,67% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2012.
- d. 64,66% skiptast hlutfallslega miðað við kostnaðarmat Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2011, sem byggir á kostnaðarmati 2010, sbr. reglugerð nr. 1066/2010 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011.

Við útreikning framlaga samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. I. hluta þessarar greinar skal finna áætlaða útgjaldapörf hvers þjónustusvæðis eða einstakra sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk með aðferðum sem lýst er í II. hluta þessarar greinar.

Útreiknuð framlög ársins 2012 skal leiðréttu þegar endanlegur álagningarástofn útsvars ársins 2012 liggur fyrir. Upplýsingar um leiðrétti skulu liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2013 og skal leiðrétti framlaga til hvers sveitarfélags eða þjónustusvæðis koma til frádráttar/viðbótar almennum framlögum Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Reynist áætlunin lægri en frádráttur er heimilt að innheimta mismuninn af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs.

## *II. hluti: Mæling á útgjaldabörf.*

### *A. Þjónusta við fatlað fólk.*

Við mælingu á útgjaldabörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta skal byggja á upplýsingum um einstaklinga sem nutu þjónustu við árslok 2010, m.a. upplýsingum um kostnað og stuðningsbörf á einstakling. Mælingin byggir á mati á kostnaði vegna sérhvers einstaklings í reglubundinni sérhæfðri þjónustu.

Við mælinguna skal greina fylgni flokka stuðningsþarf, sbr. 6. gr. og kostnaðar á einstakling árið 2010 og skal sú greining notuð til að ákvarða fjárhæð hvers flokks stuðningsþarf. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsbörf er heimilt að reikna gildi sem samsvarar flokkum matsins á grundvelli eldra mats og kostnaðar. Heimilt er að reikna álag á ákveðna flokka á grundvelli sérstakrar stuðningsþarf vegna hegðunar. Ennfremur er heimilt að reikna álag vegna einstaklinga með óvenjulega samsetningu stuðningsþarf.

Útgjaldabörf skal mæld með eftirfarandi aðferðum:

- Reikna skal útgjaldabörf vegna allra einstaklinga sem falla í 4. flokk matsins eða ofar.
- Reikna skal útgjaldabörf vegna fasteignakostnaðar fyrir alla einstaklinga sem falla í 5. flokk matsins eða ofar.
- Reikna skal útgjaldabörf vegna einstaklinga sem ekki voru í búsetu eða frekari liðveislus árið 2010, ef kostnaður þjónustu árið 2010 var hærri fjárhæð en 3.750.000 kr.
- Reikna skal sérstakt álag á samtölu liða a, b og c vegna útgjalda við umsýslu fjármála, starfsmannamála og annarra skyldra rekstrarverkefna.
- Reikna skal sérstakt álag á samtölu liða a, b og c vegna útgjalda af ráðgjöf og samhæfingu þjónustu.
- Samtala liða a til e myndar grunn að hlutfallslegri skiptingu fjármuna á grundvelli mældrar útgjaldabörf, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta þessarar greinar.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal leggja fram gögn sem sýna kostnað skv. hverjum flokki matsins, sem og aðrar þær reikningsaðferðir sem nýttar hafa verið til að mæla útgjaldabörf vegna þjónustu og biðlista.

### *B. Biðlistar.*

Meta skal útgjaldabörf vegna biðlista fatlaðra á þjónustusvæðum og hjá sveitarfélögum, sbr. b-lið 1. mgr. I. hluta. Matið skal byggta á upplýsingum um stöðu biðlista ársins 2010. Útreikningur byggir á mati á útgjaldabörf vegna þeirra einstaklinga sem voru á árinu 2010 taldir þurfa þjónustu eða breytingu á þjónustu innan árs. Útreikningur útgjaldabörf vegna biðlista skal byggður á mati á börf einstaklinga fyrir þjónustu og skal eftir því sem við á tekið tillit til þeirrar þjónustu sem þeir fengu árið 2010.

Mat á útgjaldabörf vegna biðlista byggir á eftirfarandi aðferðum:

- Fyrir þá einstaklinga sem ekki nutu neinnar þjónustu árið 2010 skal reikna heildarútgjaldabörf fyrir eitt ár.
- Fyrir einstaklinga í bið eftir aukinni eða breyttri þjónustu árið 2010 skal reikna útgjaldabörf á grundvelli meðalkostnaðar vegna þeirra einstaklinga sem nutu þjónustu en voru ekki í bið eftir aukinni þjónustu.
- Samtala liða a og b myndar grunn að hlutfallslegri skiptingu fjármuna vegna biðlista, sbr. b-lið 1. mgr. I. hluta.

## *III. hluti: Útreikningur framlaga.*

Þegar niðurstaða liggur fyrir, sbr. a- til d-liði í 1. mgr. I. hluta þessarar greinar skal áætla útsvarsstofn ársins 2012 fyrir hvert þjónustusvæði eða sveitarfélag. Á þeim grunni skal áætla tekjur

bær sem renna beint til þjónustusvæða og sveitarfélaga af 0,25% hlutdeild þeirra í útsvarsstofni vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012.

Finna skal mismun heildarútgjaldaparfar hvers þjónustusvæðis eða sveitarfélags og áætlaðra útsvarstekna, sbr. hér að framan.

Sé um jákvæðan mismun að ræða milli heildarútgjaldaparfar sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði eða einstakra sveitarfélaga annars vegar og áætlaðra tekna þeirra af 0,25% hlutdeild í útsvarsstofni hins vegar er mismunurinn greiddur sem almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

Almenn framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012 skulu nema sömu fjárhæð og áætlaðar heildartekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna verkefnisins á árinu 2012 að frádregnum framlögum sem veitt eru til miðlægra verkefna og í Fasteignasjóð.

#### 4. gr.

##### *Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).*

Við tillögugerð ráðgjafarnefndar um úthlutun framlaga til NPA skal taka mið af áætlun verkefnisstjórnar NPA að fenginni umsögn samráðsnefndar um málefni fatlaðra.

#### 5. gr.

##### *Framlög vegna breytingakostnaðar.*

Á árinu 2012 greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlag vegna breytingakostnaðar til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem nemur 0,14% af tekjum sjóðsins af 0,95% hlutdeild hans í útsvarsstofni, sbr. 1. gr., vegna kostnaðar sambandsins við verkefni er tengjast þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk á árinu.

Með framlögum vegna breytingakostnaðar er að öðru leyti heimilt að greiða kostnað vegna:

- Starfa samráðsnefndar um málefni fatlaðra.
- Mats á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar.
- Vinnu að bættu eftirliti með þjónustu við fatlað fólk.
- Upplýsingasöfnunar, greiningar og ráðgjafar.
- Samræmds mats á stuðningsþörf á landsvísu.
- Útfærslu jöfnunaraðgerða og fasteignamála.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögu til ráðherra um úthlutun framlaga á grundvelli a- til f-liða, að höfðu samráði við samráðsnefnd um málefni fatlaðra og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hugsanlegum eftirstöðvum framlaga vegna breytingakostnaðar skal skipta milli þjónustusvæða og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og framlögum, skv. 3. gr.

#### 6. gr.

##### *Mat á stuðningsþörf.*

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur forgöngu um samræmt mat á stuðningsþörf á landsvísu, semur við matsaðila um framkvæmd matsins og ber kostnað af því. Heimilt er að ákveða að greiðsla kostnaðar takmarkist við mat á tilteknum fjölda einstaklinga.

Þjónustusvæði og sveitarfélög fela matsaðila, skv. 1. mgr. framkvæmd matsins á grundvelli ákvaða laga um málefni fatlaðra og er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að krefja matsaðila, þjónustusvæði og sveitarfélög um niðurstöður slíks mats.

Jöfnunarsjóður setur verklagsreglur um mat á stuðningsþörf, sem m.a. kveða á um hlutverk og verkefni einstakra aðila sem koma að matsferlinu. Heimilt er að skipa sérstaka ráðgefandi vinnuhópa til að fjalla um álitaefni varðandi niðurstöður matsins. Álit slíkra hópa fela ekki í sér stjórnvalds-ákvarðanir.

#### 7. gr.

##### *Staðfesting.*

Tillögur ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutanir framlaga á grundvelli þessarar reglugerðar skulu hljóta staðfestingu ráðherra. Við setningu vinnureglina skal hafa samráð við samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.

Nr. 510

5. júní 2012

8. gr.

*Gildistaka og endurskoðun reglugerðar.*

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 13. gr. a. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar 2012 enda um ívilnandi reglur að ræða frá þeim sem gilt hafa. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011, nr. 1066/2010.

Endurskoða skal reglugerð þessa eigi síðar en 15. október 2012.

*Innanríkisráðuneytinu, 5. júní 2012.*

**Ógmundur Jónasson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2012